

Húsnæðismál Leikfélags Hafnarfjarðar

#

Erindi til Hafnarfjarðarbæjar frá stjórn Leikfélags Hafnarfjarðar

Dags. 23. nóvember 2022

Afhent á fundi menningar- og ferðamálanefndar Hafnarfjarðar

Inngangur

Saga Leikfélags Hafnarfjarðar (LH) nær aftur til ársins 1936 og er það eitt elsta starfandi áhugaleikfélag landsins. Áhugaleikfélög eiga sér ríka sögu á Íslandi enda mikilvægt grasrótastarf í menningarlífi landsins, uppeldisstaður fyrir verðandi atvinnufólk og félagsstarfsemi fyrir almenning sem vill auðga andann og sköpunargleðina, sjálfum sér og öðrum til hagsbóta.

Flest sveitarfélög á landinu leggja áherslu á að allir íbúar fái jöfn tækifæri til þess að njóta lista og menningar, bæði sem þátttakendur í listsköpun og sem neytendur lista. Þau sjá nauðsyn þess að styrkja list og menningu sem lið í framboði tómstundastarfs og heilsuræktar fyrir íbúa. Fyrir bragðið styðja þau vel við áhugaleikfélög í sinni heimabyggð. Yfirleitt er stuðningurinn í formi aðgangs að aðstöðu fyrir félögin til þess að iðka leiklist, félagsstarf, námskeið, æfingar og sýningar. Á þeim 86 árum sem liðin eru frá stofnun LH hefur Hafnarfjarðarbær útvegað leikfélaginu aðstöðu á ýmsum stöðum, mislengi í senn og með mismiklu aðgengi að aðstöðunni. Á síðustu árum hefur þó reynst erfitt fyrir leikfélagið að sækja slíkan stuðning til sveitarfélagsins síns og hefur það komið niður á starfsemi félagsins.

Hér að aftan verður áhersla lögð á að gera grein fyrir mikilvægi þess að starfsemi LH fái tækifæri til þess að blómstra og gera sig enn á ný gildandi í menningarlífi Hafnarfjarðarbæjar, en ekki síst verða raunverulegur valkostur sem félagsstarfsemi og heilsurækt fyrir Hafnfirðinga á öllum aldri. Til þess að það geti orðið verður félagið að hafa aðstöðu til og óskar félagið því eftir því við Hafnarfjarðarbæ að það veiti því stuðning til þess. Í niðurlagi þessarar skýrslu er gerð nánari grein fyrir þeirri ósk.

Gildi áhugaleikhússins

Áhugaleikstarfsemi hefur margþættan tilgang, markmið og hlutverk fyrir mannlífið í Hafnarfirði, eins og annars staðar.

Í fyrsta lagi er hér um félagsstarf að ræða, þ.e. félagsskap fólks sem sækir í að iðka sín áhugamál í tómstundum í félagi við aðra sér til heilsubótar og lífsfyllingar. Að því leyti er hún í engu frábrugðin annarri félagsstarfsemi í bænum.

Í öðru lagi er þar um að ræða fastan vettvang fyrir alla Hafnfirðinga til þess að iðka leiklist og að læra leiklist, þ.m.t. form, tækni og tækni við að æfa og skapa leiklistaverk af ýmsu tagi. Það er sérstaða starfseminnar.

Í þriðja lagi er þátttaka í starfi áhugaleikfélaga lýðheilsumál. Fátt er betra fyrir andlega og félagslega heilsu fólks en þátttaka í sköpun listar og menningar á eigin forsendum ásamt öðru fólki með sömu ástríðu og áhuga. Félagstarf áhugaleikfélaga eflir sjálfstraust og félagsfærni og hefur reynst einkar vel fyrir fólk sem glímir við kvíða, félagsfærni, þunglyndi og ekki síst ofvirkni og athyglisbrest.

Þátttaka í starfsemi LH hentar því vel fyrir fólk sem þarf að styrkja sig á ýmsum sviðum, bæði andlega og líkamlega og/eða leitar útrásar fyrir orku og sköpunarþörf.

Í Leikfélag Hafnarfjarðar eru allir velkomnir, óháð hæfileikum, færni eða getu, og hafa tækifæri til þess að hafa áhrif á það sem fram fer í starfseminni.

Síðast en ekki síst eykur starfsemi LH framboð á menningu og listum fyrir íbúa í nærsamfélaginu og laðar að gesti frá nágrannasveitarfélögum sem nota tækifærið og sækja aðra þjónustu fyrirtækja í Hafnarfirði í leiðinni.

Starfsemi LH, reglubundið félagstarf og sýningar

Reynslan hefur sýnt að þegar LH hefur haft fasta aðstöðu fyrir starfsemi sína hefur afraksturinn verið í takt við það. Föst aðstaða býður upp á reglubundið félagstarf og gefur færi á nýliðun sem þannig styrkir starfið enn frekar. Reglubundið félagstarf LH felst í samæfingum, þjálfun og fræðslu, styttri og lengri námskeiðum, æfingum og sýningum á leikverkum, uppkomum af ýmsu tagi, opnum húsum og höfundasmiðju, svo eitthvað sé nefnt.

Sé litið til síðustu fjögurra áratuga má sjá að framboð á leiksýningum LH hefur einnig verið í samræmi við þá aðstöðu sem bærinn hefur útvegað félaginu:

1984 – 1999 Eigin aðstaða í Bæjarbíói

- Að jafnaði tvö leikrit í fullri lengd sýnd á hverju leikári, mikill metnaður í verkefnavali, ný íslensk verk og klassísk innlend og erlend verk.
- 1990 var stofnuð unglíngadeild sem var lyftistöng og vítamínsprauta fyrir félagið og gerði því kleift að starfa af krafti á sumrin. Alltaf var sett upp eitt verkefni á leikárinu með unglíngunum. Þeir urðu síðar margir öflugir í starfi félagsins.

1999 – 2004 Sambúð með Hafnarfjarðarleikhúsinu Hermóði og Háðvöru í gamla frystihúsi Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar

- Fyrst um sinn á hrakhólum og síðan í stormasamri sambúð með takmarkaða aðstöðu.
- Náðist þó að setja upp nokkur verk, spunasýningar og þekkt verk leikbókmenntanna.

2004 – 2011 Eigin aðstaða í litlu rými í Lækjarskóla

- Rifinn veggur milli tveggja skólastofa og búinn til salur með rými fyrir 30-40 gesti.
- Mikill kraftur í félaginu og metnaður í verkefnavali.
- Fyrsta leikárið voru sýnd fjögur verk í fullri lengd.

- Meðal verka á tímabilinu voru Hamskiptin, Beisk tár Petru von Kant, Hvað er að sjá til þín maður, Birdy, Hodja, Hin endanlega hamingja, Dýragarðssaga, Barnið og Ráðskona Bakkabræðra.

2011 – 2016 Sambúð með Gaflaraleikhúsinu

- Til að byrja með nokkur kraftur, fimm verk sett upp á árunum 2011 – 2014, m.a. Fúsi froskagleypir sem sýnt var 25 sinnum.
- Höfundasmiðjan stofnuð og Hið vikulega hóf göngu sína vorið 2014. Fjögur stuttverkakvöld, alls sýnd 34 ný verk eftir 13 höfunda, 10 leikstjórar og 22 leikarar sem léku 99 hlutverk.
- Smám saman þrengdist að starfsemi LH og tækifæri til uppsetninga í Gaflaraleikhúsinu takmörkuðust. Samskiptin stirðnuðu æ meir eftir því sem leið á samningstímenn.
- Leikárið 2014-2015 var spunaverkið Göngum aftur sýnt víða um bæinn, 22 ný stuttverk voru sýnd undir merkjum Hins vikulega og eitt verk í fullri lengd, Ubbi kóngur, var sett upp vorið 2015. Sýningin fór síðar á þrjár erlendar leiklistarhátíðir á árunum 2016 – 2018, var m.a. valin sem framlag Íslands á hina virtu hátíð Mondial du Théâtre í Mónakó 2017.
- Leikárið 2015-2016 var frumsýnt nýtt verk eftir höfundasmiðju LH, Ekkert að Óttast, sem síðan var valin athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins af Þjóðleikhúsinu og sýnd þar sumarið 2016. Þar að auki voru 6 stuttverkakvöld Hins vikulega, alls voru þar frumsýnd 46 ný verk eftir höfunda LH.
- Hið vikulega var sett upp einu sinni að hausti 2016, þar voru sýnd 6 verk. Aðrar sýningar urðu ekki á leikárinu 2016-2017 þar sem LH og Gaflaraleikhúsið slitu samstarfi og LH varð þannig án aðstöðu.

2016 – 2019 Án aðstöðu

- Frá því í desember 2016 þar til í júlí 2019 var félagið húsnæðislaust og geymdi eigur sínar í gámi á Völlunum.
- Leikárið 2017-2018 voru tvö stuttverk sýnd á stuttverkakvöldi hjá Leikfélagi Kópavogs.
- Tvær leikferðir erlendis með Ubba kóng á tímabilinu.
- Stuttir leikþættir í menningargöngu Gunnars B. Guðmundssonar á kvikmyndastaði í Hafnarfirði.
- Höfundasmiðja annars eina starfsemin, m.a. tvö samverk í fullri lengd skrifuð.

2019 – 2021 Eigin aðstaða í Kapellu St.Jó

- Fyrst um sinn var ekkert rennandi heitt vatn, aðeins eitt salerni og ófullnægjandi ræstiaðstaða svo húsnæðið fékkst ekki samþykkt af heilbrigðiseftirliti til starfsemi fyrr en haustið 2020.
- Leikárið 2019-2020 hófst þó af miklum krafti, námskeið, opnar æfingar, höfundasmiðja, opinn leiklestur o.fl. Hið vikulega var haldið fjórum sinnum og sett var upp jólaævintýri í Hellisgerði í samstarfi við Jólaborpið. Sérstakt stuttverkakvöld

var líka með verkum eftir nýja höfunda í kjölfar leikritunarnámskeiðs. Æfingar hófust á nýju leikriti í fullri lengd eftir höfundasmiðjuna, Ferðamaður deyr.

- Svo kom Covid.
- Stuttverkasýningin Hið fordæmalaus fór fram á netinu vorið 2020, en þar voru frumsýnd fjögur ný verk sem leikin voru og tekin upp í gegnum Teams. Alls voru frumsýnd 22 ný verk leikárið 2019-2020.
- Leikárið 2020-2021 hófst rólega og var fljótlega skellt aftur í lás vegna Covid. Jólaleikritið Hvar eru jólasveinarnir? var samið og tekið upp og sýnt á netinu á aðventunni. „Devised“ leiksýning var sett upp á vorönn í kjölfar námskeiðs um leikarann sem skapandi listamann sem náðist að halda milli bylgja. Eitt stuttverkavöld var haldið undir merkjum Hins vikulega og sex verk frumsýnd og reynt var að hefja aftur æfingar á verkinu Ferðamaður deyr.
- Leikárið 2021-2022 hófst á því að almenningi var boðið í sk. tækifærisleikhús, þar sem fólk gat fylgst með og/eða tekið þátt í sköpun leikrita frá skrifum til senu á einum degi.

2021 - ? Aftur án aðstöðu

- Fyrir lá að LH þyrfti að yfirgefa kapelluna á haustdögum og smám saman var tekið af rýminu svo fljótlega var ekki hægt að vera þar að neinu ráði þar sem hvorki var klósett eða rennandi vatn. Höfundasmiðja hélt þó áfram og æfingar hófust á Ferðamanninum sem var svo æfður og sýndur í húsnæði Leikfélags Kópavogs í janúar.
- LH tók þátt í stuttverkahátíð með Leikfélagi Kópavogs og Hugleik í maí og frumsýndi þar tvö ný verk. Hátíðin var í húsnæði Leikfélags Kópavogs.
- LH sýndi því ekkert í Hafnarfirði á árinu 2022.

Niðurlag

Allur gangur er á því hvaða leiðir sveitarfélög fara til þess að styðja við áhugaleikfélög. Sums staðar leigja sveitarfélög húsnæði fyrir leikfélög, annars staðar eru tekin lán til byggingar eða kaups á húsnæði og styrkur til leikfélagsins felst þá í afborgunum lána. Sum sveitarfélög eiga leikhús, félagsheimili eða aðra aðstöðu sem hentar til sýninga og veita leikfélögunum afnot af þeim, ýmist að fullu sem félags- og sýningaraðstöðu eða eingöngu til sýninga og útvega félögunum þá minna húsnæði fyrir félagsaðstöðuna.

Segja má að starfsemi leikfélags þurfi á margskonar húsnæði að halda. Í fyrsta lagi geymslu fyrir búninga og leikmuni. Í öðru lagi húsnæði fyrir fundi, samlestra, höfundasmiðju o.fl. sem getur farið fram hvort sem er í litlu rými (t.d. skrifstofu) eða stærra. Í þriðja lagi húsnæði fyrir leiklistarnámskeið og æfingar. Það krefst stærra rýmis, þ.e. sæmilegs gólfplatá og lofthæðar. Loks, í fjórða lagi, þarf leikfélag að hafa aðgang að sýningarrými þar sem hægt er að setja upp leikmynd, ljósabúnað og áhorfendapalla. Í fullkomnum heimi væri þessi aðstaða öll undir sama þaki.

Erfitt er að fastsetja fermetrafjölda fyrir aðstöðu fyrir LH þar sem félagið er mjög aðlögunarfært og getur komið sér fyrir í ýmiskonar rými, en nefna má að húsnæðið í Kapellu St.Jó var mjög hentugt að stærð.

Það væri miður ef Leikfélag Hafnarfjarðar myndi leggjast af, enda hefur félagið sýnt og sannað í gegnum tíðina að þegar vel er að því býið er kraftur þess og metnaður mikill. Það stafar ekki síst af þeim möguleikum til nýliðunar og grósku, og til að hlúa vel að félögum og listinni, sem felast í föstum samastað fyrir hið reglubundna félagsstarf. Ásókn í félagsstarfið er mikil og fyrirspurnir berast reglulega frá félagsmönnum og almenningi um námskeið eða aðra starfsemi sem ekki er hægt að verða við vegna aðstöðuleysis.

Stjórn leikfélagsins óskar því eftir nýjum samstarfssamningi við Hafnarfjarðarbæ sem feli í sér að félaginu verði gert kleift að komast í aðstöðu með starfseminu til lengri eða skemmri tíma.

F.h. stjórnar Leikfélags Hafnarfjarðar

Lilja Guðmundsdóttir
formaður